

Hvalfjarðarsveit  
Skúli Lýðsson  
Innrimel 3, Melahverfi  
301 Akranes

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
13. maí 2011 10.4.2	
Tilv.	_____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 4. maí 2011  
Tilvísun: UST20110100183/ksj

### Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008 - 2020 Stækkun iðnaðarsvæðis á Grundartanga

Vísað er til erindis skipulags og byggingarfulltrúa Hvalfjarðarsveitar er barst 31. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008 – 2020. Í breytingunni felst stækkun iðnaðarsvæðisins á Grundartanga um 6,9 ha til suðurs. Stækkun iðnaðarsvæðis er 3,8 % við breytinguna og heildarflatarmál allra iðnaðarsvæða í sveitarfélaginu eykst um 2,6%.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008 – 2020.

#### Iðnaðarsvæði

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008 – 2020 varðar stækkun iðnaðarsvæðis á Grundartanga um 6,9 ha til suðurs. Svæði skilgreint sem athafnasvæði mun minnka sem því nemur. Munur á athafnasvæði annars vegar og iðnaðarsvæði hins vegar er að á athafnasvæði er gert ráð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun og á iðnaðarsvæðum er fyrst og fremst gert ráð fyrir starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér.

Fram kemur í greinargerð er fylgir breytingatillögunni að vilji Hvalfjarðarsveitar og Faxaflóahafna standi til þess að á umræddu iðnaðarsvæði verði aðeins heimil starfsemi sem ekki er líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif sbr. lög nr. 106/2000. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að setja þau skilyrði í tillögu að breyttu aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar, að á svæðinu sem stækkunin felur í sér skuli lóðum aðeins verða úthlutað til starfsemi sem ekki er líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif sbr. ofangreind lög.

#### Ástæður breytingar á aðalskipulagi

Ástæða breytingar á Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008 - 2020, er beiðni Faxaflóahafna

sf. að hluti af athafnasvæði á Grundartanga verði skilgreint sem iðnaðarsvæði með það að markmiði að geta heimilað endurvinnslu á álgjalli, brotaáli og stáli sem fellur til hér á landi.

### Endurvinnsla á álgjalli og stáli

Fram kemur í greinargerð að endurvinnsla á álgjalli er tilkynningaskyld starfsemi til Skipulagsstofnunar enda fellur slík vinnsla undir lið 4d í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 10672000. Einnig kemur fram að áætluð starfsemi á Grundartanga hafi verið tilkynnt, og var niðurstaða Skipulagsstofnunar að starfsemin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Í ljósi umræðu um díoxín og díoxínmengun vill Umhverfisstofnun benda á að við vissar aðferðir sem notaðar eru við vinnslu álgjalls geta skapast þær aðstæður að það myndast díoxín. Því vill stofnunin benda á að til þess geti komið að gera þurfi ráð fyrir hreinsun á slíkum útblæstri, eða að sett verði skilyrði varðandi aðferðir við vinnslu álgjalls.

### Grunnástand svæðisins

Ofangreint skipulagssvæði er innan skilgreinds þynningarsvæðis stóriðjunnar á Grundartanga. Innan þynningarsvæðisins er íbúðarbyggð ekki heimiluð og þar má ekki stunda hefðbundinn búskap, heynytjar eða beit á túnnum.

### Umfjöllun í tengdum skipulagsáætlunum

Í umfjölluninni kemur fram að í Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008 - 2020 hafi það verið álitid jákvætt varðandi umhverfisþætti að athafnasvæði voru skilgreind í miklum mæli og iðnaðarsvæði takmörkuð að sama skapi. Í umhverfisskýrslu kemur fram að sú þróun gangi til baka að hluta þar sem breytingartillagan gerir ráð fyrir aukningu iðnaðarsvæða á Grundartanga.

Einnig kemur fram í kaflanum að í væntanlegri umhverfisstefnu Faxaflóahafna sf. verði sett ákvæði um söfnun upplýsinga um mengun á svæðinu. Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti að koma fram tímasetning á væntanlegri umhverfisstefnu Faxaflóahafna sf.

### Valkostir, umhverfisþættir og umhverfisvísar

Í kaflanum um valkosti, umhverfisþætti og umhverfisvísa er sýnd tafla yfir áhrif á andrúmsloft, og er losun fyrirhugaðrar endurvinnslu á allt að 15.000 tonnum á álgjalli á ári, alls 5.500 kg á ári af brennisteinsdíoxíði, af flúor er losun 180 kg á ári og losun köfnunarefnisoxíða er 9.150 kg á ári. Einnig kemur fram að losun við endurvinnslu á allt að 30.000 tonnum af stáli á ári sé 14.900 kg á ári, losun flúríðs sé 175 kg á ári og losun ryks sé 17.500 kg á ári.

Að mati Umhverfisstofnunar er hugtakið umhverfisvísar ekki rétt yfirskrift yfir töflur í kaflanum og telur stofnunin að frekar ætti að nota hugtakið umhverfisáhrif. Umhverfisvísar eru ábendingar um ástand umhverfis, þannig að þeir munu fást með reglubundinni vöktun svæðisins.

### Umhverfismat breytingar

Niðurstaða mats á umhverfisáhrifum breytingartillögunnar í meðfylgjandi umhverfisskýrslu,

er að ofangreind losun á brennisteinsdíoxíði, flúor og köfnunarefnisdíoxíði muni valda óverulegri breytingu á heildarlosun innan þynningarsvæðis iðnaðarsvæðisins, enda er sambærileg losun frá Norðurál á brennisteinsdíoxíði alls 2.502 tonn á ári.

#### Starfsemi háð mati á umhverfisáhrifum

Umhverfisstofnun veur athygli á því að í greinargerð er gert ráð fyrir að starfsemi sem ekki er háð mati á umhverfisáhrifum sé lítt mengandi starfsemi. Að mati Umhverfisstofnunar er slíkt einföldun á umfjöllun um mengandi starfsemi. Ef allir þættir starfsemi eru þekktir og þar með væntanleg umhverfisáhrif hennar, þá er ekki þörf á að starfsemin fari í mat á umhverfisáhrifum óháð því hversu mengandi hún er.


#### Niðurstaða

Með því að breyta núverandi skipulagi á Grundartanga og auka iðnaðarsvæði og minnka athafnasvæði er umhverfinu íþyngt meir en áður þótt losun þeirrar starfsemi sem áætluð er á nýju iðnaðarsvæði sé lítil miðað við sambærilega losun þeirrar starfsemi sem fyrir er á Grundartanga. Umhverfisstofnun tekur undir áætlanir aðalskipulags Hvalfjarðar um að bestu fánlegu tækni verði ávallt beitt til að draga úr mengun frá iðnaðarsvæðium á Grundartanga. Umhverfisstofnun tekur undir áætlun um skógrækt til mildunar í nágrenni svo mikils iðnaðarsvæðis sem Grundartangi er og bendir á að þar sem asparræktun er orðin vel sýnileg á þessu svæði, að til að forðast einsleitni við rættunina er mikilvægt að nýta íslenskar tegundir s.s. birki, og reyni að einhverju leyti við rættunina. Gæta þarf að aðferðum og/eða mengunarvörnum vegna mögulegrar díoxínmengunar í fyrirhugaðri endurvinnslu á álgjalli.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst

  
Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun